

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara**

111. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn fimmtudaginn 9. febrúar 2023. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 8:30.

Fundinn sátu f.h. FG, Mjöll Matthíasdóttir (MM), Anna Guðrún Jóhannesdóttir (AGJ) og Hreiðar Oddsson (HO). F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Raket Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Ráðningarkjör kennara við Helgafellsskóla sem sinna kennslu í 200 daga kennsluskipulagi - Málsnr. 220610SA**

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi um ráðningarkjör grunnskólakennara sem kenna 1-4 bekk við Helgafellsskóla og vinna samkvæmt 200 daga kennsluskipulagi.

**Niðurstaða:**

Málið rætt. Afgreiðslu frestað.

**2. Framkvæmd samkomulags um tilhögun og launaútreikninga vegna fæðingarorlofs kennara. Málsnr. 2208027SA**

Kennari hefur leitað til Félags grunnskólakennara vegna þess að hann telur að sveitarfélag greiði sér ekki laun vegna fæðingarorlofs í samræmi við framkvæmd samkomulags aðila um tilhögun og launaútreikninga vegna barnsburðarleyfa kennara.

**Niðurstaða:**

Málið rætt. Afgreiðslu frestað meðan unnið er úr gögnum málsins.

**3. Framkvæmd vinnuveitenda að greiða leiðbeinendum ekki laun fyrr en undanþága frá Menntamálastofnun liggur fyrir - Málsnr. 2208028SA**

Félag grunnskólakennara óskar eftir umræðu um þá framkvæmd vinnuveitenda að greiða leiðbeinendum ekki laun fyrr en undanþága til að starfa sem grunnskólakennari í eitt skólaár hefur fengist frá Menntamálastofnun. Félagið telur að vinnuveitanda sé ekki heimilt að halda eftir launagreiðslum með þeim hætti sem að framan greinir.

**Niðurstaða:**

Samningsaðilar eru sammála um það að á meðan afgreiðsla Menntamálastofnunar vegna undanþágubeiðni liggur ekki fyrir sé starfsmanni sem hefur stöðu leiðbeinanda greitt, eftirá, í samræmi við vinnuframlag sitt þar til undanþága hefur borist.

Þegar undanþága hefur borist vinnuveitanda skal gera upp laun leiðbeinenda útfrá almennum reglum um útreikning kennaralauna.

25% laun skulu að hámarki greidd fyrir ágústmánuð, eftirá, vegna einnar vinnuviku sem leiðbeinandi er við kennslu án undanþágu.

Í öðrum mánuðum þar til undanþága hefur borist skal greitt eftirá skv. kennsluframlagi í viðkomandi mánuði.

**4. Önnur mál.**

Rætt um stöðuna á betri vinnutíma og stöðuna á innleiðingu verkefnisins. Búið er að boða til fundar í innleiðingarhóp 13. Febrúar klukkan 16:00.

Næsti fundur samstarfsnefndar er fimmtudaginn 23. febrúar klukkan 8:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 9:42.